



Grete Borgersrud

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar 26. ágúst - 17. september 1995

Grete Borgersrud er heyrnatæknir að mennt en hefur undanfarin fimmtán ár unnið textílverk með útskurðarsaumi (applikation) þar sem form og myndir úr ólíkum efnum eru saumuð á grunn dúk. Aðferðin er ævaform, og hefur þjónað margs konar tilgangi: til skreytingar á seglum og búningum, til fánagerðar, og síðast en ekki síst til heimilisnota; allt frá Kína til Suður Evrópu og Ameríku. Á fornegypskum myndum má sjá báta sigla niður Nílarfljót undir seglum skreyttum útskurðarsaumi. Á miðöldum naut þessi aðferð vinsælda á Spáni og þaðan breiddist hún út um Evrópu alla; nokkur íslensk klæði með útskurðarsaumi eru varðveitt í Þjóðminjasafni Íslands.

Í leitinni að ýmis konar útsaumstækni uppgötvaði Grete Borgersrud einnig hinn forna íslenska glitsaum, sem þekkist ekki í Noregi. Sumarið 1992 hlaut hún styrk til Íslandsferðar til að rannsaka textíla á Þjóðminjasafni Íslands. Á þessari sýningu eru nokkrir glitsaumaðir dúkar, en mótífin eru valin úr norskum og sænskum miðaldaheimildum.

Í verkum sínum sameinar Grete Borgersrud handavinnu og listaverk þar sem hún „málar“ myndir sínar með efnisbútum og útsaumi. Undanfarin tíu ár hefur Grete Borgersrud haldið árlegar sýningar og verk hennar hafa verið keypt af fyrirtækjum og opinberum stofnunum í Noregi.

Mynd á forsíðu:

Grete Borgersrud

Sorgarljóð, útskurðarsaumur 95x125 cm

